

Kópavogi, 10. febrúar 2026
2101814/030.02 AKÓ

Efni: Ágrip – Aðgerðaráætlun menntasviðs – Menntastefna Kópavogs

Aðgerðaráætlun menntasviðs 2026 sem unnin er á grundvelli Menntastefnu Kópavogs er lögð fram til samþykktar í menntaráði. Menntastefnan byggir á fimm stefnuáherslum og eru meginmarkmið þeirra útfærð sem mælanleg markmið með mælikvörðum og aðgerðum í árlegri aðgerðaáætlun.

Aðgerðaráætlunin byggir á SMART vinnulíkani þar sem aðgerðir eru sértækar, mælanlegar og tímasettar. Við hverja aðgerð er unnin verkáætlun með mælanlegu markmiði, mælikvörðum og tímaramma, og auk þess er skipað teymi sem ber ábyrgð á framgangi aðgerðar.

Markmið aðgerðaráætlunar menntasviðs er jafnframt að samræma mælikvarða á milli deilda á sviðinu og styrkja tengingu við umbótaáætlanir gæðastarfs, aðgerðaráætlun Barnvæns sveitarfélags og umbótatillögur í grunnskólum Kópavogs (*Framtíðin í fyrsta sæti*). Aðgerðirnar eru ekki bundnar við einstaka deildir á menntasviði heldur þvert á þjónustu sviðsins.

Með samþykkt menntaráðs er tryggður sameiginlegur skilningur á umfangi, áherslum og framgangi Menntastefnu Kópavogs til ársins 2030.

Virðingarfyllt,

Amanda K. Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri, menntasviðs